

Almennar upplýsingar

- 5. tbl af vefriti Evrópu unga fólksins kom ekki út af óviðráðanlegum ástæðum.
- Í fyrstu fjórum umsóknarfrestum ársins hefur EUF úthlutað 836.038 € eða um 129,5 m.kr. til 53 verkefna vítt og breytt um landið.
- Umsóknarfrestir eru 5 sinnum á ári
1. febrúar
1. apríl
1. júní
1. september
1. nóvember
- Næsti umsóknarfrestur er 1. febrúar fyrir verkefni sem mega hefjast frá 1. maí til 30. september
- Evrópa unga fólksins styrkir íslensk verkefni um tæplega 1.100.000€ á ári
- **Evróvísir** er vefgátt sem vísar þér á alla þá styrki sem standa þér til boða frá ESB, hvort sem það er til náms leiks eða starfs

Sjálfbodaliða EUF má finna víða um land! t.d. hjá...

- Glerárkirkju, Akureyri
- Sólheimum í Grímsnesi
- Hraunbúum í Hafnarfirði
- Seeds, í störfum víða um land
- Laugum í Þingeyjasýslu
- AIESEC í Reykjavík

Evrópa unga fólksins og ungt fólk í atvinnuleit

Árið 2010 er evrópskt ár baráttu gegn fátækt og félagslegri mismunun. Því er það eitt af árlegum forgangsatriðum EUF að efla virka þátttöku atvinnulausra ungmenna í samfélaginu. Það þýðir að verkefni atvinnulausra ungmenna fá forgang þegar ákveðið er hvaða verkefni eigi að styrkja. Í tilefni þess hefur Evrópa unga fólksins verið í samstarfi við Hitt Húsið, við Vinnumálastofnun og Hafnarfjarðabæ í þeim tilgangi að kynna tækifæri sem ungu atvinnulausu fólki stendur til boða innan áætlunarinnar. Fulltrúi EUF hefur kynnt fyrir ungu fólki



sem hefur verið hluti af *Vítamín* hópum Hins Hússins og hitt þar á annað hundrað ungmenna á 6 fundum.

Í samstarfi við vinnumálastofnun hafa 15 ungmenni heimsótt EUF og þar ráðlagt

hvernig þau geta nýtt sér áætlunina. Þetta samstarf er hluti af verkefninu *ungt fólk til athafna*. Í Hafnarfirði hafa verið tvær ítarlegar kynningar í Gamla bókasafninu. Það sem af er af þessu ári hefur fjöldi ungs fólks í atvinnuleit tekið þátt í frumkvæðisverkefnum hjá EUF. Mörg hafa einnig sýnt því áhuga að taka þátt í langtíma sjálfbodaliða-verkefnum í Evrópu. Á næstunni hyggur EUF á samstarf við Vinnumálastofnun á Norðurlandi eystra í þeim tilgangi að opna heim Evrópu unga fólksins fyrir ungu atvinnulausu fólki þar.

Námskeið - Ráðstefnur - Fundir (kostnaður þátttakenda 5.000kr.)

BiTriMulti (BTM), Lettland

Hvenær: 23. - 27. febrúar 2011, umsóknarfrestur: 03. desember 2010

Efni/Þema: Að þjálfa þá sem vilja sækja um styrk fyrir sín fyrstu ungmennaskipti

Fyrir hverja: Þá sem starfa með ungu fólki - **Skoða nánar**

BiTriMulti (BTM), Frakkland

Hvenær: 13. - 17. apríl 2011, umsóknarfrestur: 03. febrúar 2011

Efni/Þema: Að þjálfa þá sem vilja sækja um styrk fyrir sín fyrstu ungmennaskipti

Fyrir hverja: Þá sem starfa með ungu fólki - **Skoða nánar**

Fleiri námskeið, ráðstefnur, fundir

Ráðstefna Mennta- og menningarmálaráðuneytisins - Youth Voice of the Future

Ráðstefnan Youth Voice of the Future var haldin í Reykjavík dagana 28. og 29. október s.l. á vegnum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Norrænu ráðherranefndarinnar. Á ráðstefnunni voru m.a. kynntar niðurstöður samnorrænnar rannsóknar sem framkvæmd var á högum námsmanna á aldrinum 16-19 ára. Rannsóknin var unnin af



Hluti þátttakenda í ráðstefnunni

Rannsóknnum og greiningu í samstarfi að rannsóknaraðila á

öllum Norðurlöndunum þar með talið á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi. Margar mjög áhugaverðar niðurstöður komu fram í rannsókninni. Þátttakendur á ráðstefnunni unnu síðan í hópum með málefni tengdum niðurstöðunum. Ráðstefnan í heild var áhugaverð og vel heppnuð.